



Forsætisráðuneytið  
Lækjargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní 2023

Sent í samráðsgátt

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna, mál nr. 106/2023**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök ferðaþjónustunnar, hér eftir „samtökin“, hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 1. júní sl. Um er að ræða drög að reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna, sem ætlunin er að setja á grundvelli laga um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samtökin gera athugasemdir við reglugerðardrögin sem útlistaðar verða hér að neðan.

*Óvissa um lagaskil*

Framlögð reglugerðardrög sækja stoð í lög nr. 58/1998 um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (hér eftir „þjóðlendulög“). Án þess þó að upplýsingar um það liggi fyrir á Samráðsgátt um forsendur og ástæðu setningu umræddrar reglugerðar má leiða af því líkum að það sé vegna setningu laga nr. 34/2020 til breytinga á framangreindum lögum. Tilgangur þeirrar lagasetningar var að breyta ákvæðum laganna um skiptingu leyfisveitingarhlutverks vegna nýtingar lands og landsréttinda innan þjóðlendna á milli ríkis og sveitarfélaga, sem hafa þjóðlendir innan stjórnsýslumarka sinna. Reglugerðardrögin sækja síðan lagastoð sína í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998 en þar er kveðið á um „[h]eimild ráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um meðferð og nýtingu þjóðlendna samkvæmt lögum, þ.m.t. um jafnræði og gagnsæi við úthlutun afnota af landi og hvers konar landsréttindum og hlunnindum í þjóðlendum, endurgjald fyrir slík tímabundin afnot og tímallengd þeirra afnota, innlausn mannvirkja sem afnotum fylgja við lok leigutíma og önnur skilyrði fyrir afnotum.“

Eftir setningu framangreindra breytingarlaga nr. 34/2020 voru lögfest ný lög um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni nr. 100/2021. Þau lög taka til alls lands í eigu ríkisins og stofnana þess, óháð því hver fer með umsýslu þess, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Ná lögin til „alls lands í eigu ríkisins og stofnana þess, óháð því hver fer með umsýslu þess, þ.m.t. ríkisjarða, þjóðlendna, þjóðgarða og friðlýstra svæða.“ Mikilvægt er að skýrt sé í hvaða tilvikum eigi að beita umræddum lögum og hvenær til greina kemur að beita reglugerðinni um meðferð og nýtingu þjóðlendna.

Telja samtökin það geta valdið óvissu í framkvæmd ef ekki eru skýrð með skýrum hætti skilin á milli umræddra lagabálka, sér í lagi þar sem leyfisveitandi, málsmeðferð og gjaldtökuheimildir eru ólíkar. Setning þessarar reglugerðar er ekki til að einfalda málin heldur vekur hún eingöngu upp frekari spurningar þegar kemur að nýtingu þjóðlendna.

#### *Takmörkun á nýtingu án lagaheimildar*

Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðardraganna er lagt til að setja inn ákvæði sem kveður á um að „[e]nginn má vera aðili að herra hlutfalli allra tímabundinna leigusamninga allra sveitarfélaga innan þjóðlendna en sem nemur 20 hundraðshlutum, hvort heldur einstakur aðili eða tengdir aðilar samanlagt.“ Samtökin gera athugasemdir við þetta ákvæði.

Samtökin benda á að umrædd takmörkun er ekki að finna í lögum og ekki má leiða af þjóðlendulögum að lagaheimild sé fyrir umræddri takmörkun. Mikilvægt er að hafa í huga að ákvæðið takmarkar sanningsfrelsi sem og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Telja samtökin einsýnt að slík takmörkun krefjist skýrrar lagaheimildar.

Telja samtökin þörfina fyrir umrætt ákvæði óljós og ekki einsýnt að meðalhófs sé gætt við setningu þess. Hér þarf að hafa í huga að ákvæðið vísar til 20% af öllum tímabundnum leigusamningum allra sveitarfélaga. Ekki liggur fyrir hversu margir þeir samningar eru og hvaða áhrif þetta ákvæði mun koma til með að hafa í framkvæmd. Þá er ekki útskýrt afhverju miðað er við 20% en ekki annað lægra eða herra hlutfall. Telja samtökin að sveitarfélögum eigi að vera frjálst að leigja afnot af þjóðlendum til einstakra aðila enda uppfylli afnotin að öðru leyti ákvæði reglugerðarinnar og laga sem gilda um landsvæðið.

Þá ætti að vera stefna ríkisins að fá sem mestu sjálfbæru nýtingu á viðkomandi þjóðlendu. Það getur verið hagræðing og þjóðlendunni fyrir bestu að fá eingöngu einn aðila til að leigja viðkomandi þjóðlendu. Sú staðreynd að fjöldi aðila fái leigusamning jafngildir ekki sjálfbærri nýtingu á þjóðlendunni heldur þvert á móti getur hagur ríkis og sveitarfélaga, í sumum tilvikum, verið að fá eingöngu einn aðila til að gera langtíma leigusamning að þjóðlendunni. Stjórnvöld eiga ekki að setja óþarfa hindranir fyrir sjálft sig sem virðast eingöngu vera til þess að flækja framkvæmd að óþörfu.

Þá verður heldur ekki séð að markmið reglugerðarinnar um „[...] að tryggja að meðferð og hagnýting þjóðlendna sé í samræmi við almannahagsmuni hverju sinni með sjónarmið verndunar sjálfbærrar nýtingar, dreifðar aðildar að tímabundnum samningum, gagnsæis og jafnræðis að leiðarljósi [...]“ hafi lagastoð í ákvæðum þjóðlendulaga.

#### *Tryggja þarf skjóta málsmeðferð*

Samtökin telja að það sé nauðsynlegt að sett séu tímamörk á afgreiðslu þessara mála. Málsmeðferðin í reglugerðardrögum má ekki taka of langan tíma. Stjórnvöld þurfa að setja sér tímafresti, hvort sem er í 6. eða 10. gr. Tímaafgreiðsla umsókna/erinda má ekki vera óþarfa hindrun í framkvæmd.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir að svo komnu máli. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og eru reiðubúin að veita frekari upplýsingar ef eftir því verður leitað.

### Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Baldur Sigmundsson



Björg Ásta Þórðardóttir



Árni Grétar Finnsson